

Aðalfundur Dýraverndarsambands Íslands

7. maí 2016 kl. 14-16, að Grensásvegi 12 A.

Aðalfundargerð

1. Fundur settur

Fundur er settur kl. 14:05

2. Fundarstjóri og ritari tilnefndur

Tillaga að fundarstjóra: Ása Jóhannesdóttir og ritara: Sigurbjörg Díana Árnadóttir.
Tillagan er samþykkt af fundinum.

3. Kynning framboða til stjórnar

Árlega er kosið um annað hvort ritara og tvo meðstjórnendur eða um formann, gjaldkera og einn meðstjórnanda.

Á þessu ári er kosið um formann, gjaldkera og einn meðstjórnanda. Starfandi formaður og gjaldkeri gefa kost á sér til starfa áfram fyrir félagið en einn meðstjórnandi hefur ákveðið að hverfa frá störfum og því þarf a.m.k. að kjósa einn félagar sem nýjan meðstjórnanda til eins árs.

Um rétt til setu í stjórn vísast til laga félagsins.

Í kjöri í ár eru formaður, gjaldkeri og meðstjórnandi til tveggja ára. Hallgerður Hauksdóttir gefur kost á sér til formennsku áfram til næstu tveggja ára.

Sif Traustadóttir gjaldkeri til tveggja ára gefur kost á sér áfram í stöðu meðstjórnanda til tveggja ára og Linda Karen Gunnarsdóttir meðstjórnandi gefur kost á sér áfram í stöðu gjaldkera til tveggja ára.

Liselotte Widing sem kom inn í stjórn sem meðstjórnandi til tveggja ára á aðalfundi 2015, vísast til stjórn eftir árs þjónustu að eigin ósk. Hrefna Sigurjónsdóttir hefur gefið kost á sér sem meðstjórnandi til eins árs, í stað hennar. Hrefna er kynnt á fundinum.

Benedikt Þór Axelsson ritari og Sigurður Steindór Pálsson meðstjórnandi eru á seinna ári og ekki í kjöri. Kjör verður undir 6. lið.

4. Ársskýrsla DÍS og verkefni næsta árs

Ársskýrsla DÍS er lesin af Hallgerði Hauksdóttur formanni. Fundarstjóri opnar fyrir umræður. Engar athugasemdir. Nýjir félagar eru bornir upp.

Ársskýrslan og nýjir félagar eru samþykkt samhljóða.

5. Reikningar ársins 2015 lagðir fram

Linda Karen Gunnarsdóttir les ársreikninga félagsins. Opnað fyrir fyrirspurnir. Rætt að efla þurfi tekjur félagsins. Hugmynd að hafa auglýsingatekjur í tímaritinu Dýraverndaranum. Einstakir bókhaldslyklar skoðaðir.

Engar athugasemdir eru gerðar við ársreikningana og eru þeir samþykktir samhljóða.

6. Kosning stjórnar

Kjör borið upp. Stjórnarmenn eru sjálfkjörnir þar eð ekki er um mótframboð að ræða í nein sæti. Er klappað fyrir kjöri þeirra.

7. Lagabreytingar

Stjórn DÍS leggur fram eftirfarandi lagabreytingatillögur sem kynntar voru á heimasíðu félagsins (ath grænn texti er tillaga um viðbót og rauður texti um það sem fer út):

TILLAGA EITT.

1. gr.

Heiti félagsskaparins er *Dýraverndarfélag Íslands - Dýraverndarsamband Íslands og er varnarþing þess í Reykjavík.*

Helstu rök:

Nafnabreyting er gerð með það að markmiði að nota fremur hið upprunalega nafn félagsins og í ríkara mæli. Gamla nafnið er enn mikið notað víða og veldur ruglingi að hafa það ekki með í heiti félagsins, betra er að hafa bæði nöfnin gild og stefna að því að afleggja „samband“ úr nafni félagsins með tíð og tíma. Upprunalegt nafn félagsins er Dýraverndunarfélag Íslands og var notað í 55 ár en nafnabreytingar á sjötta og tíunda áratug síðustu aldar urðu vegna þess að reynt var að stofna til aðildafélaga eða undirdeilda. Gekk það aldrei vel. Við viljum hefja hið gamla nafn upp á ný og tengja betur við sögu félagsins um leið. Bæði nöfnin yrðu notuð jöfnum höndum fyrst í stað og jafnframt væri hið gamla nafn félagsins tryggt fyrir því að aðrir geti tekið það upp.

Nýrri orðmynd sleppir stöfunum „un“ úr nafninu, til samræmis við nútíma orðfæri.

verður:

1. gr.

Heiti félagsskaparins er *Dýraverndarfélag Íslands - Dýraverndarsamband Íslands og er varnarþing þess í Reykjavík.*

TILLAGA TVÖ.

5. gr.

Reikningsár sambandsins er almanaksárið. Stjórn velur *viðurkenndan fagaðila sem sér um (löggitlan endurskoðanda sem sér um endurskoðun reikninga og)* gerð ársreikninga sambandsins.

Helstu rök:

Endurskoðun er skyld samkvæmt lögum um ársreikninga (nr. 3/2006, 98.gr.) ef félag fer fram yfir tvö af eftirfarandi þremur atriðum: 1. eignir nema 200.000.000 kr., 2. rekstrartekjur nema 400.000.000 kr., 3. fjöldi ársverka á reikningsári er 50. Hér er aðallega miðað við atvinnurekstur, en ekki er hefðbundið að endurskoða þurfi ársreikninga hjá litlum félagasamtökum. Endurskoðun er enda mjög dýr og því hefðbundið að félög fái skoðunarmenn, oft félagsmenn, til að skoða og láta í ljósi álit á réttleika bókhalds og reikninga. Um hæfi skoðunarmanna fer eftir lögum um bókhald (nr 145/1994, 33.gr.)

Hér er miðað við að með orðalaginu „viðurkenndan fagaðila“ sé átt við aðila sem hefur hlotið viðurkenningu sem bókari með réttindi til að gera upp lítil og meðalstór félög, eða aðila með meiri þekkingu, en ekki einskorðað við aðila með full

endurskoðunarréttindi.

verður:

5. gr.

Reikningsár sambandsins er almanaksárið. Stjórn velur viðurkenndan fagaðila sem sér um gerð ársreikninga sambandsins.

TILLAGA ÞRJÚ.

9. gr.

(..)

Á aðalfundi skal stjórn kynna ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir störfum félagsins á liðnu ári, kynna tillögur um verkefni næsta árs og leggja fram (endur)skoðaða reikninga félagsins og undirritað álit skoðunarmanna til afgreiðslu. Kynni stjórn DÍS fyrirhuguð verkefni sem fela í sér veruleg fjárútlát þarf samþykki tveggja þriðju aðalfundargesta til þeirra verkefna.

Helstu rök;

Verja verður fjárhagslega hagsmuni félagsins í framtíðinni með því að slá varnagla sem takmarkar umboð stjórnar til að fara óvarlega með fé og sem skapar grundvöll til að sækja aftur það sem óvarlega hefur verið farið með, jafnvel með málssókn af hálfu félagsins. Stjórn DÍS hefur eftir sem áður umboð til daglegs reksturs og viðburðahalds, eðlilegrar kynningar og vinnu í þágu markmiða félagsins í samræmi við 2. grein laga félagsins, liðir a) til f).

Hér er einnig skert á því að álit skoðunarmanna eigi að liggja frammi við samþykktarferli á ársreikningum félagsins í samræmi við tillögu um breytingu á 5. grein.

verður:

9. gr.

(..)

Á aðalfundi skal stjórn kynna ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir störfum félagsins á liðnu ári, kynna tillögur um verkefni næsta árs og leggja fram skoðaða reikninga félagsins og álit skoðunarmanna til afgreiðslu. Kynni stjórn DÍS fyrirhuguð verkefni sem fela í sér veruleg fjárútlát þarf samþykki tveggja þriðju aðalfundargesta til þeirra verka.

Tillögurnar eru kynntar allar saman og lesnar með rökstuðningi. Svo er opnað fyrir umræðu um eina í einu og þær bornar upp ein í einu í þeirri röð.

Tillaga eitt er samþykkt einróma. Tillaga tvö er samþykkt einróma. Tillaga þrjú er samþykkt einróma.

8. Félagsgjöld

Stjórn leggur til að halda óbreyttum félagsgjöldum. Rætt að fleiri borgi ef þau eru höfð hófleg. Góð heimta á félagsgjöldum var á síðasta ári. Rætt um félagsgjöldin. Tillaga um óbreytt félagsgjöld er samþykkt einróma.

9. Önnur mál

Hallgerður er með skilaboð frá fyrrum formanni félagsins, Ólafi Dýrmundssyni um að félagi verið vísað úr því sem ítrekað hefur reynt að skemma fyrir félaginu. Rætt að þessi félagi hafi bæði kostað félagið mikla peninga í lögfræðikostað vegna þess að hann hefur notað merki tímarits félagsins með villandi og óheimilum hætti. Hann tali mjög illa um félagið á opinberum vettvangi og virðist vilja skaða orðspor þess. Rætt vítt og breitt, ýmis sjónarmið koma fram. Fjórar tillögur eru lagðar fyrir fundinn og ein dregin til baka áður en til umræðu kom.

Eftirfarandi þrjár tillögur lágu því fyrir:

1. Aðalfundur vísi Árna Stefáni Árnasyni úr félaginu á þeim grunni sem heimilt er samkvæmt lögum félagsins enda hafi hann unnið gegn hagsmunum félagsins, brotið samþykktir þess, talað gegn því og valdið því umtalsverðum útgjöldum við að verja eigur og orðspor félagsins.
2. Aðalfundur DÍS samþykkir að stjórn DÍS megi vísa Árna Stefáni Árnasyni úr félaginu skv heimild í samþykktum félagsins þyki það í samræmi við lög þess, enda hafi hann unnið gegn hagsmunum félagsins, brotið samþykktir þess, talað gegn því og valdið því umtalsverðum útgjöldum við að verja eigur og orðspor félagsins.
3. Haldinn verði aukaaðalfundur til að taka ákvörðun um brottvísun Árna Stefáni Árnasyni úr félaginu enda hafi hann unnið gegn hagsmunum félagsins, brotið samþykktir þess, talað gegn því og valdið því umtalsverðum útgjöldum við að verja eigur og orðspor félagsins.

Tillögurnar ræddar. Ákveðið að gera kaffihlé og halda umræðum áfram að því loknu. Málið rætt að loknu kaffihléi. Fólki finnst óþægilegt að taka þetta skref, en á móti kemur að verja verði félagið, eigur þess og orðspor. Ákveðið að taka tillögurnar til atkvæða.

Fyrst er tillaga 1 borin upp, umræður um hana og svo kosið. Hún er felld með miklum meirhluta atvæða: fær eitt atkvæði til samþykktar og einn situr hjá.

Svo er tillaga 2 borin upp, hún rædd og svo kosið. Er hún samþykkt með miklum meirihluta: fær samhljóða samþykkt af öllum, utan að tveir sitja hjá.

Loks er tillaga 3 borin upp og rædd. Fram kemur andstaða við að halda aukafund. Tillagan er þá dregin til baka og ekki kosið um hana.

Því telst tillaga 2 samþykkt og fær stjórn DÍS umboð til að vinna samkvæmt henni.

Ekki var annað rætt undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 16:09

Árskýrsla Dýraverndarsambands Íslands 2015-16

Stjórn DÍS 2015-16 er skipuð þeim Hallgerði Hauksdóttur formanni, Benedikt Þór Axelssyni ritara, Sif Traustadóttur gjaldkera og meðstjórnendum Lindu Karen Gunnarsdóttur, Liselotte Widing og S. Steindóri Pálssyni. Á árinu voru haldnir átta vanabundnir stjórnarfundir auk annarra vinnufunda stjórnar og annarra atburða á vegum félagsins.

Stjórn DÍS vinnur samkvæmt stefnu félagsins að því að auka veg málefnalegrar umræðu, upplýsinga og úrræða í þágu velferðar dýra.

Skrifstofa félagsins sér um alla praktíska vinnu skv. starfslýsingu sem fyrir liggur. Þar má telja bókhaldsvinnu og skilagreinar vegna skatta, utanumhald félagaskrár, rekstur á húsnæði, samskipti við stofnanir og stjórnvöld, svörun fyrirspurna um praktísk mál og um almenn atriði varðandi dýravernd. Félagið hefur starfsmann í 35% stöðugildi fyrir þá vinnu.

Húsnæði félagsins hefur verið nýtt fyrir ýmsa starfsemi í þágu málefna dýra. Til þess að styðja við starf annarra félagasamtaka sem vinna að dýravelferð hafa stjórnir Dýrahjálpar Íslands, Félags Ábyrgra Hundaeigenda og félagsins Villikatta fengið aðstöðu til að halda reglubundna stjórnarfundir sína. Oft er þröngt um fjárhagslegt bolmagn minni félaga og DÍS vill þannig styðja þau við sína vinnu með því að lána salinn. Til slíkra stjórnarfunda annarra félaga er úthlutað mánudögum og þriðjudögum. Öll skráð félög í þágu dýravelferðar geta óskað eftir að fá afnot af húsnæði félagsins og metur stjórn DÍS hverja umsókn fyrir sig. Notkunin hefur verið endurgjaldslaus.

Það er einnig markmið okkar að reyna að láta húsnæðið afla tekna til reksturs á því sjálfu og því hefur verið tekið hóflegt gjald fyrir það þegar haldnir eru atburðir þar sem fleiri mæta. Salurinn er aðeins leigður til starfsemi í þágu dýra, enda í anda samþykkt félagsins og telst þannig ekki til atvinnureksturs heldur félagsstarfa. Húsnæðið stendur ekki undir sér hvað rekstur varðar en við vonum að það verði nýtt æ betur í framtíðinni.

Á árinu þurfti að fara í framkvæmdir vegna rafmagnsstrengs inn í húsið, þar sem sá sem fyrir var var í reynd ekki löglegur en hafði verið lagður af fyrri eiganda sem átti bæði húsið fyrir framan (númer 12) og bakhúsið sem DÍS á hlut í. Nýr strengur var lagður eftir forsögn teikninga sem fyrir lágu og voru samþykktar. Kostnaður skiptist jafnt á alla húshluta, sem eru fimm.

Einkaleyfi á orð- og myndmerki Dýraverndarans fékkst síðasta vor og í kjölfarið var Neytendastofu send kæra vegna langrar sögu um notkun annars aðila á merkinu í sína þágu, við kynningu á eigin efni. Við höfum átt í talsverðum vanda með rugling vegna þessa, en fólk telur gjarnan að þessi aðili sé á vegum félagsins vegna þessa. Talsverður lögfræðikostnaður hefur fylgt þessari vinnu að vernd þessa merkis

tímarits félagsins og við vonum að þessu fari að ljúka, enda vont að þurfa að verja fé til að verja hagsmuni félagsins fyrir aðila sem jafnframt er skráður félagi í DÍS og vinnur um leið gegn hagsmunum þess. Við höldum áfram að vinna að vernd merkisins á næsta ári en von er á úrskurði Neytendastofu og verða næstu skerf tekin þaðan. Við viljum þakka fráfaraðni stjórnarmanni, Liselotte, sérstaklega fyrir hennar sjálfboðavinnu vegna samskipta við Neytendastofu, en hún hefur sérfræðipækkingu sem nýttist vel til þessa.

Af atburðum sem haldnir voru í húsinu má telja fræðslufund um meðferð sleðahunda, fyrirlestur um sögu hundahalds á Íslandi, upplestur á sögu Gunnars Gunnarssonar, Aðventu, fræðslufundur á útfærslu stjórnvaldssekta Mast vegna illrar meðferðar á dýrum og tvisvar var haldið opið hús á vegum DÍS, auk árlegs desemberkaffisamsætis þar sem öðrum dýratengdum félögum er boðið.

Gæludýr og íbúðarhúsnæði. Stjórn DÍS sendi á árinu áskorun til stjórnar ÖBÍ og húsnæðisfélags þess um að endurskoðuð yrði stefna varðandi gæludýrahald í húsnæði félagsins, sem er alfarið bönnuð heilt yfir. Við teljum áriðandi að félag sem rekur húsnæði fyrir fólk sem jafnvel hefur ekki forsendur til að flytja annað sé það óánægt með húsreglur, geri ráð fyrir gæludýrahaldi. Gæludýrahald er löglegt á Íslandi og DÍS telur að ekki megi una við jafn djúpt inngrip eins og íþyngjandi reglur sem hamla gæludýrahaldi og sem ganga lengra en landslög gera. Á næsta ári hyggjumst við vinna frekar að þessum málum í samræmi við stefnu félagsins um að stuðla að því að samfélagið geri betur ráð fyrir gæludýrum, m.a. með því að senda erindi til stóru leigufélaganna eins og Félagsbústaða og fleiri og grennslast fyrir um þetta, en einnig með því að stuðla að málefnalegri umræðu um stöðu gæludýraeigenda vegna þessa.

Á starfsárinu var haldið áfram að vinna að undirbúningi velferðarvottunar á vegum félagsins og fór formaður DÍS m.a. á fund formanns Neytendasamtakanna og framkvæmdarstjóra vottunarstöðvarinnar Túns.

Aflað var almennra upplýsinga um vottun og tilhögun vottunar, en öll greiningarvinna að viðmiðum vottunar er eftir. Við leitum í smíðju systrasamtaka okkar Dyrenes Beskyttelse í Danmörku og höfum til þess góðfúslegt leyfi þeirra. Sú vinna heldur áfram á næsta ári. Vottunarstofan Tún er tilbúin til þess að taka að sér vottunarhluta verkefnisins og Neytendasamtökin eru tilbúin til þess að styðja þessa vinnu með því að kynna hana fyrir félögum sínum sem valkost um að velja afurðir dýra eftir aukinni dýravelferð.

Vinna að undirbúningi þessa er í eðli sínu langhlaup fremur en spretthlaup og við viljum vanda vel til þessa enda markmið okkar að vottunin verði þannig upp byggð að hún standi áfram inn í framtíðina. Með því að koma á slíkri vottun teljum við að samtal um dýravelferð verði almennara og að almenningur á Íslandi verði meðvitaðari um velferð dýra. Við vonum að eftir því sem fólk velur fremur afurðir þar sem velferðarstig er hærra, þeim mun betur verði búið að dýrum og svo koll af kolli þannig að víxlverkandi áhrif endi alltaf með betri velferð búfjár.

Tímarit félagsins, Dýraverndarinn kom út á síðasta starfsári að venju, um vor, en

við áætlum að gefa það eftirleiðis út á haustin. Vinna við aðalfund er annasöm á vorin en gott að nota sumarið til efnisöflunar og frágangs á blaðinu. Við hvetjum félaga til að senda greinar í blaðið.

Styrkir og viðurkenningar. Stjórn DÍs valdi í fyrra „Dýraverndara ársins“ og veitti tvo styrki til vinnu við aukningu á velferð dýra og gerir einnig svo í ár. Samþykkt hefur verið að Dýrahjálpi Íslands hljóti viðurkenningu sem Dýraverndari ársins 2016 fyrir ötula vinnu í þágu dýravelferðar í allmörg ár. Stjórn DÍs ákvað að veita verkefninu Project Henry og Félagi ábyrgra hundaeigenda styrki vegna dýravelferðar, hvoru 60.000 krónur. Project Henry vinnur að umönnun og umhverfisstjórnun á Læknum í Hafnarfirði í þágu anda, gæsa og svana. Félagið hefur þegar lagfært umhverfið þannig að ungar eru hættir að drukkna í vatnsrörum og sogast út í sjó og einnig er fuglunum gefið yfir veturinn. Félag ábyrgra hundaeigenda hefur aldrei haft bolmagn til að innheimta félagsgjöld og á því ekkert fé til reksturs. Styrkur DÍs er eyrnamerkur þannig að FÁH verði kleift að innheimta félagsgjöld í fyrsta skiptið og ná þannig rekstrargrundvelli.

Við óskum þessum aðilum til hamingju með úthlutunina.

Umsagnir. Stjórn DÍs kom að umsögnum um breytingar á reglugerð um velferð svína, einnig gegn hundahaldi í búrum og undaneldi undan gæludýrum með veikleikum í reglugerð um gæludýr og ennfremur um búrastærð fyrir smádýr og að smádýr með félagsþörf séu ekki haldin ein, í sömu reglugerð. Slík umsagnarvinna krefst alltaf yfirlegu og greiningarvinnu stjórnarmanna og loks er umsögn skrifuð, samþykkt og send til ráðuneytisins. Umsögnin um hundahald í búrum og undaneldi undan gæludýrum með veikleika, var unnin í samvinnu við Dýrahjálpi Íslands og Félag ábyrgra hundaeigenda.

Stjórn DÍs vinnur að því að skapa umræðu og málefnalegt samtal meðal annars með því að rita blaðagreinar í þágu dýra og bréfaskrifum til fólks og aðila og var slík vinna unnin á árinu að venju. Samskipti formanns við fjölmiðla eru alltaf talsverð á hverju ári og halda þannig málefnum dýravelferðar á lofti, en formaður DÍs er talsmaður félagsins. Sem dæmi um þetta má nefna viðtal við tímaritið Sjávarafli um veiðar og sleppingar á villtum fiski.

Almenn viðtöl við fjölmiðla um dýravelferð eru alltaf veitt þegar fjölmiðlar óska. Tvö mál bar fremur hátt á í fjölmiðlum í ár. Annað þeirra var mál sem Dýraverndarsamband Íslands kom fram með eftir talsverðan undirbúning snemma í vor. Það var vegna kvígu sem dregin hafði verið á eftir jeppa uns hún drapst, en það gerðist síðasta sumar. Eftir fund með Mast þar sem sá meinbugur var ræddur að bóndinn var einungis áminntur fyrir að hafa drepið skepnuna með þessum hætti var haft samband við fjölmiðlamann sem fjallaði um málið. Í kjölfarið varð mikil umræða um velferð búfjár og þetta hörmulega dæmi um illa meðferð á þeim verður vonandi til þess að okkur tekst að koma þeim skilningi á að eftirlit og eftirfylgni með dýravernd verður að vera betri.

Við viljum jafnframt að gengið sé út frá því að bændur sem fara svona illa með dýr verði sviptir styrkjum af almannafé til dýrahalds. Stjórn DÍs sendi áskorun til allra bændatengdu félaganna auk landbúnaðarráðuneytisins um að slíku ákvæði yrði bætt inn í lög um búvörusamninga og verður því fylgt betur eftir á næsta starfsári.

Félag kúabænda bauð formanni DÍS á nefndarfund sinn á búnaðarþingi og var sjónarmiðum DÍS þar komið á framfæri.

Við munum fylgja því eftir að bændafélögin auki veg dýravelferðar, enda er stefna þeirra að bændur hafa atvinnu sína af dýrum. Vegna þessa máls hafði stjórn málaaflið þratar samband við formann DÍS og óskaði eftir að hann hefði framsögu um þetta mál á fundi flokksins um dýravelferð. Þratar hafa birt upptöku af þeim fundi á alnetinu sem allir geta séð.

Annað mál sem við rákum okkur á og sýnir brotalöm í stjórnsýslu landsins gagnvart velferð dýra var vegna hunds sem var verið að flytja inn og var vegna þessa haldinn á einangrunarstöð vegna sóttvarna. Hundurinn var skoðaður heilbrigður inn í landið og fluttur á stöðina, en reyndist fótbrottinn nokkrum dögum síðar. Eigandi hundsins leitaði til okkar og formaður DÍS fór með honum á fund dýralæknis sóttvarna, héraðsdýralæknis í suðvesturumdæmi og dýralæknis innflutnings sem allir vinna hjá Mast. Stefna Mast var að senda hundinn aftur úr landi fótbrottinn - vegna sóttvarnarsjónarmiða. Tekist var á um sjónarmið sóttvarna og dýravelferðar á fundinum. Niðurstaðan varð sú að Mast gaf dýralækni eiganda hundsins leyfi til að fara inn á einangrunarstöðina og gera aðgerð á hundinum til að brott hans mætti gróa.

Hundinum farnaðist vel og er kominn til eiganda síns en eftir stendur skýrt dæmi um skort á viðbragðsáætlun ef eitthvað kemur upp á á einangrunarstöð þar sem dýr eru haldin og þá slagsíðu sem er á úrvinnslu í þágu velferðar þegar sama stofnun situr báðum megin við borðið við mat á úrvinnslu. Við teljum þetta mál gott dæmi um málefni dýravelferðar sem vinna þarf að af félagi eins og Dýraverndarsambandi Íslands.

Gæludýr og almenningsamgöngur. Starfshópur á vegum Strætó bs hafði samband við félagið og óskaði eftir að formaður DÍS tæki sæti í hópnum og stæði þar fyrir rödd dýravelferðar. Hlutverk hópsins er að vinna greiningarvinnu fyrir stjórn Strætó með mati á því hvort leyfa ætti að flytja gæludýr með almenningsvögnum. Formaður DÍS óskaði eftir að Félag ábyrgra hundaeigenda fengi einnig að tilnefna fulltrúa í hópinn og var það veitt. Einnig óskaði formaður DÍS eftir að fulltrúi frá Hundasamfélaginu og hundapjálfi frá Hundaakademíunni sem haldið hefur námskeið þar sem farið var með hunda í æfingarferð í strætó, fengju að hafa framsögu fyrir nefndina og var það veitt. Vel hefur komið fram með þessum hætti hversu mikill áhugi hundaeigenda er þegar kemur að því að ræða ábyrgt hundahald og hversu hundamenning hefur þroskast í landinu. Hundaeign hefur farið vaxandi enda hafa kannanir sýnt að frá árunum 2009-11 þegar hundahald var á 14% heimila (Hagstofan) hefur það vaxið upp í að hundar eru haldnir á 20% heimila (MMR 2015). Vinnu nefndarinnar er ekki lokið en niðurstöður munu liggja fyrir í sumar og DÍS heldur auðvitað áfram að leggja sitt af mörkum.

Formaður DÍS mætti fyrir hönd félagsins á málþing um reglugerð um velferð gæludýra hjá ANR/Mast við Skúlagötu, en reglugerðin var loksins gefin út 21. janúar sl. Einnig sótti formaðurinn fund Viðskiptaráð Íslands um landbúnað á Íslandi. Allt árið er leitað til félagsins með almennar fyrirspurnir frá bæði félögum og almenningi og veitir félagið

leiðbeiningar og upplýsingar eftir föngum. Á næsta ári bíður frekari vinna vegna viðbragðsáætlana og aðstæðna hjá sveitafélögum, um viðbrögð v.villtra dýra í nauðum og vegna aðstæðna fyrir óskiladýr: einnig fundur með Mast vegna þessa.

Við viljum vinna að því að fá skorið með beinum hætti úr um það hver má kæra dýraníð til lögreglu og hvort það sé besta og öruggasta leiðin fyrir dýrin að það sé aðeins á hendi Mast að gera það, ef svo er.

Brunavarnir í útihúsum eru okkur hugleiknar og við teljum að ganga þurfi lengra með þær en almennar reglugerðir gera ráð fyrir, enda haldin dýr í húsunum. Þess má geta að Dýraverndarsambandið setti tillögu að því að skylda yrði að koma upp brunavarnarkerfum í útihúsum í allar reglugerðir um velferð búfjár en það var allt tekið út á vegum ráðherra við útgáfu reglugerðanna.

Fyrirhugaðar söfnunarstöðvar sláturdýra og sláturmál auk flutninga á sláturdýrum eru okkur hugleikin út frá dýravelferðarsjónarmiðum og verður ætíð að vinna að þeim málefnum. Við höfum áhyggjur af velferð dýra þessa síðustu daga þeirra og vinnum að þessum málum á næsta ári.

Öflun félaga er á dagskrá á næsta ári en við verðum að auka innkomu félagsgjalda til að ganga ekki á sjóði félagsins.

Opinn félagafundur um velferð búfjár og samtal um vottun er fyrirhugaður. Áfram verður unnið að málefnum dýravelferðar og stutt við málefnalega vinnu annarra að dýravelferð. Áfram haldið á lofti málefnum bæði villtra, selskaps og húsdýra og áfram verður brugðist við þeim málum sem upp koma.

F.h. stjórnar DÍS

Hallgerður Hauksdóttir
formaður DÍS.

Nýjir félagar bornir upp.